

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 28/2004****2007/EES/9/21**

frá 5. janúar 2004

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar sundurliðaðar áfanga- og lokagæðaskýrslur (\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)<sup>(1)</sup>, einkum b-lið 2. mgr. 15. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og tímanlegra þversniðs- og langsníðsgagna um tekjur og um fjölda og samsetningu fátækra og félagslega útilokaðra á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.
- 2) Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 til að ákvarða ítarlegu áfangagæðaskýrsluna um sameiginlega þversniðsvísa ESB á grundvelli þversniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og ítarlegu lokagæðaskýrsluna með áherslu á innri nákvæmni sem nær bæði yfir þversniðspáttinn og langsníðspáttinn.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Skilgreiningarnar, sem nota ber fyrir áfangagæðaskýrslurnar og lokagæðaskýrslurnar í hagskýrslum Bandalagsins um tekjur og lífskjör, skulu vera eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

*2. gr.*

Viðmiðanir fyrir gæðamat og ítarlegu áfangagæðaskýrsluna, sem aðildarríkin skulu gera um sameiginlega þversniðsvísa ESB á grundvelli þversniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör, skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

*3. gr.*

Viðmiðanir fyrir gæðamat og ítarlegu lokagæðaskýrsluna, sem aðildarríkin skulu gera um þversniðs- og langsníðsþætti hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör með áherslu á innri nákvæmni, skulu vera eins og mælt er fyrir um í III. viðauka.

*4. gr.*

Efni áfangagæðaskýrslunnar og fullunnu gæðaskýrslunnar, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) gerir til samanburðar, skal vera eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka.

*5. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Pedro SOLBES MIRA

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

## I. VIÐAUKI

## SKILGREININGAR

- a) „staðganga“: aðrar einingar koma í stað upphaflegu eininganna sem valdar voru í úrtakið en veita ekki nauðsynlegar upplýsingar, annaðhvort vegna þess að heimilisfang finnst ekki eða er óaðgengilegt eða vegna þess að heimilismenn neita að taka þátt í könnuninni, allir heimilismenn eru fjarverandi um stundarsakir eða þeir geta ekki svarað.
- b) „tilreikningur“: áætlun líklegra (en tilbúinna) skiptigilda í stað gilda sem vantar
- c) „ráðstöfunartekjur á neyslueiningu“: heildarráðstöfunartekjur heimilis deilt með „jafngildisstærð“ heimilisins
- d) „jafngildisstærð“: breyttur kvarði Efnahags- og framfarastofnunarinnar (þar sem fyrsti fullorðni einstaklingurinn fær vogtöluna 1,0, aðrir einstaklingar, sem eru eldri en 14 ára eða búa á heimilinu, fá 0,5 og hvert barn, sem er yngra en 14 ára, fær 0,3)
- e) „úrtaksrammi“: þýði eininga sem úrtak er tekið úr.
- f) „nákvæmni“: hversu nærri útreikningar eða mat er raungildum eða sanngildum
- g) „úrtaksskekkja“: tilviljanakennt frávik vegna þess að notað er úrtak ekki allir spurðir
- h) „aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur“: skekkjur sem verða á öllum stigum gagnasöfnunar og vinnsluferlis
- Skekkjur aðrar en úrtaksskekkjur eru af fjórum gerðum:
- „þekjuskekkjur“: skekkjur sem verða vegna mismunar á markþýðinu og úrtaksrammanum. Þekjuskekkjur eru m.a. of- eða vanþekjuskekkjur og rangflokkun:
    - „ofþekja“: felur annaðhvort í sér einingar sem eru ranglega flokkaðar og falla í reynd utan markþýðisins eða einingar sem í reynd eru ekki til
    - „vanþekja“: einingar falla ekki inn í úrtaksrammann
    - „rangflokkun“: röng flokkun eininga sem heyra til markþýðisins.
  - „mælingarskekkjur“: skekkjur sem verða við gagnasöfnun. Um er að ræða margs konar skekkjur sem snerta t.d. könnunarverkfærið, upplýsingakerfið, spyrjandann og aðferðina við gagnasöfnun
  - „úrvinnsluskekkjur“: skekkjur í eftirvinnslu gagna, s.s. við gagnaskráningu, kóðun, ritfærslu og vægi
  - „brottfallsskekkjur“: skekkjur vegna árangurslausra tilrauna til að afla nauðsynlegra upplýsinga hjá hæftri einingu. Tekið er mið af tveimur helstu gerðum brottfallsskekkna:
    - „brottfall einingar“: þegar upplýsingar vantar frá heilum einingum (heimilum og/eða einstaklingum) sem völdust í úrtakið
    - „brottfall liða“: úrtakseiningin hefur verið spurð en ekki hafa fengist allar nauðsynlegar upplýsingar
- i) „mikilvægi“: að hve miklu leyti hagskýrslur uppfylla þarfir núverandi og hugsanlegra notenda. Með því er átt við hvort allar tölulegar upplýsingar sem þörf er á, komi fram og að hve miklu leyti þau hugtök, sem notuð eru (skilgreiningar, flokkun, o.s.frv.), endurspegli þarfir notenda
- j) „tímanleiki og rétt tímasetning“:
- „tímanleiki upplýsinga“: lýtur að tímanum sem liður frá því að atburður eða fyrirbæri, sem veittar eru upplýsingar um, á sér stað þar til upplýsingarnar verða tiltækar
  - „rétt tímasetning“: lýtur að tímanum milli raunverulegs afhendingardags til Hagstofu Evrópubandalaganna á gögnum og dagsins þegar hefði átt að afhenda þau, t.d. með tilliti til dagsetninga sem miðað er við í opinberum útgáfuáætlunum sem mælt er fyrir um í reglugerðum eða aðilar hafa áður komið sér saman um
- k) „aðgengi og skýrleiki“:
- „aðgengi“: aðstæður notenda við öflun upplýsinga: hvert á snúa sér, hvernig á að panta þær, afhendingartími, skýr verðlagningarstefna, hentugar markaðssetningaraðstæður (höfundarréttur o.s.frv.), hvort einstaklingsgögn eða þjóðhagsreikningagögn liggja fyrir, ýmsir miðlar (pappír, skrár, geisladiskar, Netið) o.s.frv.
  - „skýrleiki“: upplýsingaumhverfi gagnanna, hvort gögnum fylgja viðeigandi lýsigögn, skýringarmyndir, s.s. línurit og kort, hvort upplýsingar um gæði þeirra séu einnig fyrirbyggjandi (þ.m.t. takmarkanir á notkun) og að hvaða marki innlendar hagstofur veita viðbótaraðstoð

## II. VIÐAUKI

**Viðmiðanir fyrir gæðamat og efni áfangagæðaskýrslunnar sem aðildarríkin skulu semja**

## 1. SAMEIGINLEGIR ÞVERSNÍÐSVÍÐAR EVRÓPUSAMBANDSINS

1.1. **Sameiginlegir þversniðsvíðar Evrópusambandsins á grundvelli þversniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör**

Aðildarríkin skulu afhenda leiðtogaááinu sameiginlega þversniðsvíða Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsúrtaks fyrir árið N, til birtingar í árlegri vorskýrslu fyrir árið (N+2).

Sameiginlegir þversniðsvíðar Evrópusambandsins eiga við þá víða sem ráðið hefur samþykkt í tengslum við opnu samræmingaraðferðina þar sem hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör eru lagðar til grundvallar.

1.2. **Aðrir víðar**1.2.1. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu*1.2.2. *Óleiðréttur launamunur kynjanna*

Aðildarríkin, sem reikna óleiðréttan launamun kynjanna á grundvelli hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör, skulu leggja þann víði fram.

## 2. NÁKVÆMNI

2.1. **Úrtaksnið**

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

2.1.1. *Gerð úrtakssniðs (lagskipt, þrepskipt, klasa)*2.1.2. *Úrtakseiningar (eitt þrep, tvö þrep)*2.1.3. *Viðmiðanir fyrir lagskiptingu og undirlagskiptingu*2.1.4. *Úrtaksstærð og viðmiðanir fyrir skiptingu*2.1.5. *Fyrirkomulag við val á úrtaki*2.1.6. *Dreifing úrtaks yfir tíma*2.1.7. *Endurnýjun úrtaks: skiptihópar*2.1.8. *Vægi*2.1.8.1. *Áhrif úrtakssniðs*2.1.8.2. *Leiðréttingar vegna brottfalls*2.1.8.3. *Leiðréttingar á ytri gögnum (þrep, breytur, sem notaðar eru, og heimildir)*2.1.8.4. *Endanleg þversniðsvog*

### 2.1.9. *Staðganga*

Aðildarríki, sem nota staðgengla þegar eining svarar ekki, skulu veita upplýsingar um eftirfarandi:

#### 2.1.9.1. Aðferð við val á staðgenglum

2.1.9.2. Helstu einkenni staðgöngueininga í samanburði við upphaflegu einingarnar eftir landssvæðum (hagskýrslusvæði 2), ef þau eru tiltæk.

2.1.9.3. Dreifingu staðgöngueininganna eftir því hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi (DB120), eftir niðurstöðum spurningalista heimila (DB130) og eftir því hvort heimilismenn hafa samþykkt viðtöl (DB135) upphaflegu eininganna.

## 2.2. **Úrtaksskekkjur**

### 2.2.1. *Staðalskekkja og stærð raunúrtaks*

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

— stærð raunúrtaks sameiginlegra þversniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli þversniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á),

— staðalskekkjur fyrir sameiginlega þversniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli þversniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á).

### 2.3. **Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur**

#### 2.3.1. *Úrtaksrammi og þekjuskekkjur*

Leggja skal fram lýsingu á úrtaksrammanum (þ.m.t. upplýsingar um aðferðina, sem notuð er til að uppfæra rammann, tíðni og tvítalningu) og lýsingu á helstu þekjuvandamálum (rangflokkun, vanþekju og ofþekju) ef þær liggja fyrir.

Aðildarríki, sem nota skiptisnið, skulu eingöngu gera grein fyrir úrtaksramma nýrra þátttakenda.

#### 2.3.2. *Mælingar- og úrvinnsluskekkjur*

##### 2.3.2.1. *Mælingarskekkjur*

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar:

— lýsing á mismunandi uppruna mælingarskekkna sem líklegt er að sé að finna í könnuninni,

— lýsing á uppbyggingu spurningalista, notkun hugfræðilegra rannsóknarstofa (e. cognitive laboratories), ef við á, vettvangsprófun spurningalista, áhrifum sniðs, innihalds og orðalags hans,

— upplýsingar um umfang og árangur þjálfunar í viðtalstækni: fjöldi þjálfunardaga, hæfnisprófanir áður en vettvangsvinna hefst (árangurshlutfall o.s.frv.),

— upplýsingar um rannsóknir, eins og endurtekin viðtöl, rannsóknir til staðfestingar á færslum eða tilraunir með skipt úrtök, ef þær liggja fyrir,

— niðurstöður líkana, t.d. til að meta áhrif þess að nota fjárhagsár í stað almanaksárs, ef þær liggja fyrir.

##### 2.3.2.2. *Úrvinnsluskekkjur*

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar:

— lýsing á stjórnun gagnaskráningar, stjórnun kóðunar og ritfærslukerfi sem beitt er á gögnin. helstu skekkjur sem uppgötvast við eftirvinnslu gagna,

— hlutfall mistaka við ritfærslu tekjubreytna.

2.3.3. *Brottfallskekjur*

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar:

## 2.3.3.1. Raunstærð úrtaks

- fjöldi heimila sem veitti viðtöl sem tekin voru í gagnagrunninn. Sundurliðun skiptihópa (ef við á) og heildarfjöldi,
- fjöldi einstaklinga 16 ára eða eldri á heimilum sem veittu viðtöl og tekin voru í gagnagrunninn og luku einstaklingsviðtali. Sundurliðun skiptihópa (ef við á) og heildarfjöldi,
- fjöldi valinna svarenda (ef við á) á heimilum sem veittu viðtöl og voru tekin í gagnagrunninn og luku einstaklingsviðtali. Sundurliðun skiptihópa (ef við á) og heildarfjöldi,

## 2.3.3.2. Brottfall úr einingum

Aðildarríki sem nota skiptisnið skulu veita upplýsingar um brottfall úr einingum þegar um nýja þátttakendur er að ræða í samræmi við formúlurnar hér á eftir.

Fyrir heildarúrtakið skal reikna brottfall úr einingum með því að undanskilja úr teljaranum og nefnarannum í formúlunum hér á eftir þær einingar sem samkvæmt reglum um eftirfylgni eru utan markþýðisins.

— Hlutfall brottfalls heimila (NRh) skal reiknað sem hér segir:

$$NRh = (1 - (Ra * Rh)) * 100$$

þar sem:

$$Ra = \frac{\text{Fjöldi heimila sem samband náðist við í heimilisfangi}}{\text{Fjöldi gildra heimilisfanga sem valin voru}} = \frac{\Sigma [DB120 = 11]}{\Sigma [DB120 = all] - \Sigma [DB120 = 23]}$$

Ra eru heimili sem samband næst við í heimilisfangi

$$Rh = \frac{\text{Fjöldi heimilisviðtala sem lokið er og tekin voru í gagnagrunninn}}{\text{Fjöldi heimila sem uppfylltu skilyrði og samband var haft við í heimilisfangi}} = \frac{\Sigma [DB135 = 1]}{\Sigma [DB130 = all]}$$

Rh er hlutfall lokinna heimilisviðtala sem tekin eru í gagnagrunninn

DB120 er skrá yfir heimili sem samband náðist við í heimilisfanginu

DB130 eru niðurstöður spurningalista heimilisins, og

DB135 eru niðurstöður samþykkttra heimilisviðtala.

Fyrir aðildarríki, þar sem staðganga fer fram þegar einingar falla brott, skal reikna brottfallshlutfall fyrir og eftir staðgönguna.

— Brottfallshlutfall einstaklinga (NRp) skal reiknað sem hér segir:

$$NRp = (1 - (Rp)) * 100$$

þar sem:

$$Rp = \frac{\text{Fjöldi einstaklingsviðtala sem lokið er}}{\text{Fjöldi einstaklinga sem uppfylltu skilyrði á heimilum þar sem viðtölum var lokið og þau tekin í gagnagrunninn}} = \frac{\Sigma [RB250 = 11 + 12 + 13]}{\Sigma [RB245 = 1 + 2 + 3]}$$

Rp er hlutfall lokinna einstaklingsviðtala á heimilunum sem tekin eru í gagnagrunninn

RB245 er staða svarenda og

RB250 er staða gagna.

— Hlutfall heildarbrottfalls einstaklinga (\*NRp) skal reiknað sem hér segir: \*NRp = (1 - (Ra \* Rh \* Rp)) \* 100

Fyrir aðildarríki þar sem skipti fara fram þegar um brottfallseiningar er að ræða skal reikna brottfallshlutfall fyrir og eftir staðgöngu.

Fyrir þau aðildarríki þar sem úrtak einstaklinga var tekið fram yfir úrtak heimila (heimilisfanga) skal reikna brottfallshlutfall einstaklinga fyrir „valinn svaranda“ (RB245 = 2), fyrir alla einstaklinga 16 ára eða eldri (RB245 = 2 + 3) og fyrir svaranda sem ekki var valinn (RB245 = 3).

- 2.3.3.3. Dreifingu heimila (upphaflegra eininga) eftir því hvort „samband náðist við heimilið í heimilisfangi“ (DB120), „niðurstöður spurningalista heimila“ (DB130) og hvort „heimili hafa samþykkt viðtöl“ (DB135) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og í heildina
- 2.3.3.4. Dreifingu eininga sem skipt er (ef við á) eftir því hvort „samband náðist við heimilið í heimilisfangi“ (DB120), „niðurstöður spurningalista heimila“ (DB130) og hvort „heimili hafa samþykkt viðtöl“ (DB135) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og í heildina
- 2.3.3.5. Brottfallsliður

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir tekjubreytur:

- hlutfall heimila (eftir tekjubáttum sem safnað er eða eru teknir saman fyrir heimilið) eða einstaklinga (eftir tekjubáttum sem er safnað eða eru teknir saman fyrir einstaklinga) með fjárhæð í hverjum tekjubætti,
- hlutfall gilda sem vantar fyrir hvern tekjubátt sem er safnað eða tekinn saman fyrir heimili/einstaklinga,
- hlutfall upplýsinga sem vantar hluta af fyrir hvern tekjubátt sem er safnað eða tekinn saman fyrir heimili/einstaklinga. >PIC FILE= "L\_2004005EN.004701.TIF">

Brottfallsliður	(A)	(B)	(C)
	Hlutfall heimila sem hafa mótttekið fjárhæð	Hlutfall heimila sem gildi vantar fyrir (fyrir tilreikning)	Hlutfall heimila þar sem hluta upplýsinga vantar (fyrir tilreikning)
Vergar heildartekjur heimilis <sup>(1)</sup>			
Heildarráðstöfunartekjur heimilis			
Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætur vegna elli og bætur til eftirlifenda			
Heildarráðstöfunartekjur heimilis að meðtöldum bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda			
<b>Hreinir tekjubættir heimilis <sup>(2)</sup></b>			
(ein lína fyrir hvern tekjubátt heimilis sem safnað er)			
<b>Vergir tekjubættir heimilis <sup>(3)</sup></b>			
(ein lína fyrir hvern tekjubátt heimilis sem er tilgreindur)			
	<b>Hlutfall einstaklinga 16 ára eða eldri sem hafa mótttekið fjárhæð</b>	<b>Hlutfall einstaklinga sem gildi vantar fyrir (fyrir tilreikning)</b>	<b>Hlutfall einstaklinga sem hluta upplýsinga vantar fyrir (fyrir tilreikning)</b>
Hreinir tekjubættir einstaklinga <sup>(2)</sup>			
(ein lína fyrir hvern tekjubátt einstaklings sem safnað er)			
<b>Vergir tekjubættir einstaklings <sup>(3)</sup></b>			
(ein lína fyrir hvern tekjubátt einstaklings sem er tilgreindur)			

<sup>(1)</sup> Skylt frá og með 2007.

<sup>(2)</sup> Aðeins fyrir aðildarríki sem safna hreinum tekjum á þáttastigi.

<sup>(3)</sup> Fyrir aðildarríki sem tilgreina vergar tekjur á þáttastigi. Skylt fyrir önnur aðildarríki frá og með 2007.

- 2.3.3.6. Heildarfjöldi brottfallsliða og fjöldi athugasemda í úrtakinu á einingarstigi sameiginlegra þversniðsvísra Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á),

#### 2.4. **Gagnasöfnunaraðferð**

Fyrir aðildarríki sem nota úrtak heimilisfanga/heimila skal tilgreina dreifingu heimilismanna 16 ára eða eldri eftir „gagnastöðu“ (RB250) og eftir „tegund viðtals“ (RB260) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og fyrir heildina.

Fyrir aðildarríki sem nota úrtak einstaklinga skal tilgreina dreifingu „valinna svarenda“, dreifingu „heimilismanna 16 ára eða eldri“, og dreifingu „svarenda sem ekki eru valdir“ eftir „gagnastöðu“ (RB250) og eftir „tegund viðtals“ (RB260) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og í heildina.

#### 2.5. **Lengd viðtala**

Tilgreina skal upplýsingar um meðallengd heimilisviðtala.

Meðallengd viðtals á hverju heimili skal reiknuð sem samtala lengdar allra heimilisviðtala og samtala lengdar allra einstaklingsviðtala deilt með fjölda spurningalista heimila sem hefur verið lokið við og teknir hafa verið í gagnagrunninn.

### 3. SAMANBURÐARHÆFI

#### 3.1. **Grunnhugtök og skilgreiningar**

Gera skal grein fyrir innlendum hugtökum, sem eru notuð, mismun á innlendum hugtökum og stöðluðum hugtökum hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og mati, ef það liggur fyrir, á því hvað sá mismunur hefur í för með sér fyrir eftirfarandi svið:

- viðmiðunarpýðið,
- skilgreininguna á einkaheimili,
- heimilismenn,
- tekjuviðmiðunartímabilið eða -tímabilin sem notuð eru,
- tekjuskattstímabilið og tímabil framlaga til félagslegra trygginga,
- viðmiðunartímabil eigna- og fjármagnstekjuskatta,
- tímaskekkjuna milli tekjuviðmiðunartímabils og núverandi breytna,
- heildartímabil gagnasöfnunar úrtaksins,
- grunnupplýsingar um atvinnustöðu á tekjuviðmiðunartímabili.

#### 3.2. **Tekjubættir**

- 3.2.1. *Gera skal grein fyrir mismun á innlendum skilgreiningum og stöðluðum skilgreiningum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og mati, ef það er liggur fyrir, á því hvað mismunurinn hefur í för með sér fyrir eftirfarandi markbreytur:*

- vergar tekjur heimilis,
- heildarráðstöfunartekjur heimilis,
- heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætur vegna elli og bætur til eftirlifenda,
- heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur að meðtöldum bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda,
- húsaleiguígildi <sup>(1)</sup>,
- leigutekjur af fasteignum eða landi,
- bætur tengdar fjölskyldu/börnum,
- greiðslur vegna félagslegrar útilokunar sem ekki eru skilgreindar annars staðar,

<sup>(1)</sup> Skylt frá og með 2007.

- húsnæðisbætur,
- reglubundnar peningatilfærslur milli heimila sem eru móttæknar,
- vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í óskráðum fyrirtækjum,
- vextir sem greiddir eru af veðlánnum <sup>(2)</sup>,
- tekjur einstaklinga yngri en 16 ára,
- eigna- og fjármagnstekjuskattar,
- reglubundnar tilfærslur milli heimila sem eru greiddar,
- tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga,
- endurgreiðslur/móttaka leiðréttinga á skatti,
- tekjur launafólks í peningum eða ígildi peninga,
- tekjur launafólks í öðru formi en peningum <sup>(3)</sup>
- framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga <sup>(4)</sup>,
- peningahagnað eða -tap af sjálfstæðum rekstri (þ.m.t. rétthafagreiðslur),
- virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu <sup>(5)</sup>,
- atvinnuleysisbætur,
- bætur vegna elli,
- bætur til eftirlifenda,
- sjúkrabætur,
- örorkubætur,
- bætur tengdar menntun,
- vergar mánaðartekjur launafólks<sup>(6)</sup>.

3.2.2. *Heimild eða aðferð sem notuð er við söfnun tekjubreytna*

3.2.3. *Form tekjubreytna sem safnað hefur verið á þáttastigi (t.d. vergar, að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatts og félagslegum framlögum, að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatts, að frádregnum félagslegum framlögum)*

3.2.4. *Aðferðin sem notuð er til að afla tekjumarkbreytna á því formi sem krafist er (þ.e. sem vergum gildum)*

4. SAMRÆMI

4.1. **Samanburður tekjumarkbreytna og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjuþætti“ við utanaðkomandi heimildir**

Samanburður við utanaðkomandi heimildir fyrir allar tekjumarkbreytur og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjuþætti“

<sup>(1)</sup> Skyllt frá og með 2007.

<sup>(2)</sup> Þessari breytu (að undanskyldum fyrirtækisbil) verður safnað frá og með 2007.

<sup>(3)</sup> Þessi breyta verður skráð frá og með 2007 ef hagkvæmniathuganir sýna að það er mögulegt.

<sup>(4)</sup> Einungis aðildarríkjum, sem hafa ekki aðrar heimildir en hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör til að reikna launamun kynjanna, er þetta skyllt.



## III. VIÐAUKI

**Viðmiðanir fyrir gæðamat og efni lokagæðaskýrslunnar sem aðildarríkin skulu gera**

1. SAMEIGINLEGIR LANGSNIÐSVÍSAR EVRÓPUSAMBANDSINS Á GRUNDELLI LANGSNIÐSPÁTTAR HAGSKÝRSLNA EVRÓPUSAMBANDSINS UM TEKJUR OG LÍFSKJÖR  

Aðildarríkin skulu tilgreina sameiginlega langsniðsvísar Evrópusambandsins á grundvelli langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

Sameiginlegir langsniðsvísar Evrópusambandsins eiga við þá vísar sem ráðið hefur samþykkt í tengslum við opnu samræmingaraðferðina þar sem hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör eru lagðar til grundvallar.
2. NÁKVÆMNI
- 2.1. **Úrtakssnið**

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar varðandi fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör

  - 2.1.1. *Gerð úrtakssniðs (lagskipt, fjölþrepa, klasi)*
  - 2.1.2. *Úrtakseiningar (eitt þrep, tvö þrep)*
  - 2.1.3. *Viðmiðanir fyrir lagskiptingu og undirskiptingu*
  - 2.1.4. *Úrtaksstærð og viðmið fyrir skiptingu*
  - 2.1.5. *Fyrirkomulag við úrtaksval*
  - 2.1.6. *Dreifing úrtaks yfir tíma*
  - 2.1.7. *Endurnýjun úrtaks: skiptihópar*
  - 2.1.8. *Vægi*
    - 2.1.8.1. Áhrif sniðs
    - 2.1.8.2. Leiðréttingar vegna brottfalls
    - 2.1.8.3. Leiðréttingar á ytri gögnum (stig, breytur sem notaðar eru og heimildir)
    - 2.1.8.4. Endanleg langsniðsvog  

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir aðra og síðari bylgjur langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:
    - 2.1.8.5. Leiðréttingar vegna brottfalls
    - 2.1.8.6. Leiðréttingar á ytri gögnum (stig, breytur sem notaðar eru og heimildir)
    - 2.1.8.7. Endanleg langsniðsvog
    - 2.1.8.8. Endanleg þversniðsvog heimilis  

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar fyrir aðildarríki sem nota staðgengla þegar eining svarar ekki fyrir fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.
  - 2.1.9. *Staðganga*
    - 2.1.9.1. Aðferðin sem beitt er til að ákveða skiptin
    - 2.1.9.2. Helstu könnunaratriði staðgöngueininganna í samanburði við upphaflegu einingarnar eftir landssvæðum (hagskýrslusvæði 2) ef þau eru tiltæk
    - 2.1.9.3. Dreifing staðgöngueininganna eftir því hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi (DB120), niðurstöðum spurningalista heimila (DB130) og því hvort heimilismenn hafi samþykkt viðtöl (DB135) í samanburði við upphaflegu einingarnar.
- 2.2. **Úrtaksskekkjur**

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir þversniðspátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

— Meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikning) og staðalskekkjur fyrir eftirfarandi tekjupætti: >PIC FILE="L\_2004005EN.005101.TIF">

Tekjuþættir	Meðaltal	Fjöldi athugana		staðalskekkja
		Fyrir tilreikninga	Eftir tilreikninga	
Vergar tekjur heimilis <sup>(1)</sup>				
Heildarráðstöfunartekjur heimilis				
Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætun vegna elli og bætun til eftirlifenda				
Heildarráðstöfunartekjur heimilis að meðtöldum bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda				
<b>Hreinir tekjuþættir heimilis <sup>(2)</sup></b>				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt heimilis sem safnað er)				
<b>Vergir tekjuþættir heimilis <sup>(3)</sup></b>				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt heimilis sem safnað er)				
<b>Hreinir tekjuþættir einstaklinga <sup>(3)</sup></b>				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt einstaklings sem er tilgreindur)				
<b>Vergir tekjuþættir einstaklings <sup>(3)</sup></b>				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt einstaklings sem er tilgreindur)				

<sup>(1)</sup> Skyllt frá og með 2007

<sup>(2)</sup> Aðeins fyrir aðildarríki sem safna hreinum tekjum á þáttastigi.

<sup>(3)</sup> Fyrir aðildarríki sem tilgreina vergar tekjur á þáttastigi. Skyllt fyrir önnur aðildarríki frá og með 2007.

— Meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikninga) og staðalskekkja ráðstöfunartekna á neyslueiningu sundurliðað eftir kyni, aldursflokkum og stærð heimila:

Tekjuþættir	Meðaltal	Fjöldi athugana		staðalskekkja
		Fyrir tilreikninga	Eftir tilreikninga	
Undirflokkar eftir stærð heimilis				
1 heimilismaður				
2 heimilismenn				
3 heimilismenn				
4 eða fleiri				
Þýði skipt eftir aldursflokkum				
< 25				
25 til 34				
35 til 44				
45 til 54				
55 til 64				
65+				
Þýði skipt eftir kyni				
Karlkyns				
Kvenkyns				

### 2.3. Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur

#### 2.3.1. Úrtaksrammi og þekjuskekkjur

Fyrir fyrstu bylgju langsníðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina upplýsingar um úrtaksramma og þekjuskekkjur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.3.1 í II. viðauka við þessa reglugerð.

#### 2.3.2. Mælingar- og úrvinnsluskekkjur

Fyrir hverja bylgju langsníðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina upplýsingar um mælingar- og úrvinnsluskekkjur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð.

#### 2.3.3. Brottfallsskekkjur

##### 2.3.3.1. Raunstærð úrtaks

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir hverja bylgju langsníðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

- fjöldi heimila sem veitti viðtöl sem tekin voru í gagnagrunninn,
- fjöldi einstaklinga 16 ára eða eldri, fjöldi einstaklinga í úrtakinu og fjöldi annarra íbúa á heimilum, sem veittu viðtöl sem tekin voru í gagnagrunninn og sem luku einstaklingsviðtali.

##### 2.3.3.2. Brottfallseining

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir fyrstu bylgju langsníðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

- brottfallshlutfall heimila (NRh) eins og það er skilgreint í lið 2.3.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð,
- brottfallshlutfall einstaklinga (NRp) eins og það er skilgreint í lið 2.3.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð,
- heildarbrottfallshlutfall einstaklinga (\*NRp) eins og það er skilgreint í lið 2.3.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð,

Fyrir aðra og síðari bylgjur langsníðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skulu tilgreindar eftirfarandi upplýsingar:

- Svarhlutfall heimila
  - Svarhlutfall eftir bylgjum
 

Hlutfall heimila þar sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal (DB135 = 1) sem voru flutt áfram í bylgju t (úr bylgju t-1) eða voru tekin nýlega eða bætt við bylgju t, að undanskildum þeim sem falla utan markþýðisins (samkvæmt reglum um eftirfylgni) eða eru ekki til.
  - Hlutfall langsníðseftirfylgni
 

Hlutfall heimila sem voru flutt áfram í bylgju t+1 til eftirfylgni við þau heimili sem tekin voru upp í bylgju t úr bylgju t-1, að undanskildum þeim sem falla utan markþýðisins (samkvæmt reglum um eftirfylgni) eða eru ekki til.
  - Eftirfylgnihlutfall
 

Fjöldi heimila sem hafa verið flutt úr bylgju t í bylgju t+1 í samanburði við fjölda heimila sem tekin voru til eftirfylgni í bylgju t úr bylgju t-1.
  - Hlutfall raunstærðar úrtaks
 

Hlutfall fjölda heimila sem tekin voru í gagnagrunninn (DB135 = 1) í bylgju t og fjölda heimila sem samþykkt voru í gagnagrunninn (DB135 = 1) í bylgju t-1.
- Svarhlutfall einstaklinga
  - Svarhlutfall eftir bylgjum
 

Hlutfall einstaklinga í úrtakinu sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal við (RB250 = 11,12,13) af þeim sem fluttir voru í bylgju t (úr bylgju t-1) eða voru tekin nýlega eða bætt við bylgju t, að undanskildum þeim sem falla utan markþýðisins (samkvæmt reglum um eftirfylgni).

Hlutfall annarra íbúa á heimili sem valdir voru í fyrstu bylgju og fullnægjandi viðtal var tekið við (RB = 11,12,13) meðal þeirra sem fluttir voru í bylgju t (úr bylgju t-1).

— Hlutfall langsniðseftirfylgni

Hlutfall einstaklinga í úrtakinu sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal við (RB250 = 11,12,13) í bylgju t af öllum einstaklingum í úrtakinu sem voru valdir að undanskildum þeim sem hafa dáið eða eru ekki tækir (utan markþýðis), sundurliðað eftir ástæðu brottfalls.

— Hlutfall raunstærðar úrtaks

Hlutfall fjölda persónulegra viðtala sem lokið er (RB250 = 11,12,13) í bylgju t og fjölda einstaklingsviðtala sem lokið er í bylgju t-1.

Þetta hlutfall verður skilgreint fyrir einstaklinga í úrtakinu og alla einstaklinga sem valdir voru í fyrstu bylgjunni að meðtöldum einstaklingum sem eru ekki í úrtakinu og eru 16 ára eða eldri og öðrum íbúum 16 ára eða eldri.

— Svarhlutfall einstaklinga sem eru ekki í úrtakinu

Hlutfall fjölda einstaklingsviðtala sem lokið er (RB250 = 11,12,13) við einstaklinga sem eru ekki í úrtakinu og eru 16 ára eða eldri í bylgju t og allra einstaklinga sem eru ekki í úrtakinu og eru 16 ára eða eldri sem skráðir eru á heimilunum sem tekin voru í gagnagrunninn (DB135 = 1) í bylgju t eða skráðir í nýjustu heimilisviðtölum sem tekin hafa verið og sem voru flutt úr bylgju t-1 í bylgju t til eftirfylgni en ekki var unnt að ljúka fullnægjandi viðtölum við í bylgju t.

2.3.3.3. Dreifing heimila eftir stöðu heimilis (DB110), hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi (DB120), niðurstöðum spurningalista heimila (DB130) og hvort heimili hafi samþykkt viðtöl (DB135).

Tilgreina skal fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör dreifingu heimila eftir stöðu heimilis, hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi, niðurstöðum spurningalista heimila og hvort heimili hafi samþykkt viðtöl.

2.3.3.4. Dreifing einstaklinga eftir stöðu á heimilinu (RB110)

Tilgreina skal fyrir aðra og síðari bylgjur langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör dreifingu einstaklinga eftir stöðu þeirra á heimilinu .

2.3.3.5. Brottfallsliður

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar í hverri bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör fyrir tekjubreytur:

— hlutfall heimila (eftir tekjubáttum sem safnað er eða teknir eru saman fyrir heimilið)/einstaklinga (eftir tekjubáttum sem safnað er eða teknir eru saman fyrir einstaklinga) sem hafa fengið fjárhæð í hverjum tekjubætti,

— hlutfall gilda sem vantar fyrir hvern tekjubátt sem safnað er eða tekinn er saman fyrir heimili/einstaklinga,

— hlutfall upplýsinga sem vantar hluta af fyrir hvern tekjubátt sem safnað er eða tekinn er saman fyrir heimili/einstaklinga.

2.4. **Gagnasöfnunaraðferð**

Fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina dreifingu heimilismanna 16 ára eða eldri eftir „gagnastöðu“ (RB250) og eftir „tegund viðtals“ (RB260) fyrir sérhvern einstakling í úrtakinu, fyrir aðra íbúa og í heildina.

2.5. **Aðferð við tilreikning**

Greina skal frá aðferðinni sem notuð er við tilreikning brottfallsliða, ef notuð er önnur aðferð en sú sem Hagstofa Evrópubandalaganna notar, breytunum sem tilreiknaðar eru og hlutfalli tilreikninga miðað við heildarfjölda athugana fyrir hverja markbreytu fyrir þversniðspátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

2.6. **Húsaleiguígildi**

Greina skal frá aðferðinni sem notuð er við útreikning á húsaleiguígildi, ef notuð er önnur aðferð en sú sem Hagstofa Evrópubandalaganna notar, fyrir þversniðspátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

2.7. **Bifreiðar fyrirtækis**

Greina skal frá aðferðinni sem notuð er við að tilreikna gildi fyrir einkanotkun á „bifreið fyrirtækis“ fyrir þversniðspátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

3. SAMANBURÐARHÆFI

3.1. **Grunnhugtök og skilgreiningar**

Fyrir fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram upplýsingar um grunnhugtök og skilgreiningar (lýst í lið 3.1 í II. viðauka við þessa reglugerð), um mismun á innlendum skilgreiningum og stöðluðum skilgreiningum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og um mat, ef það liggur fyrir, á því hvað mismunurinn, sem getið er, hefur í för með sér.

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal greina frá breytingum á grunnhugtökum og skilgreiningum frá því sem var í fyrstu bylgjunni.

3.2. **Tekjubættir**

3.2.1. Mismunur á innlendum skilgreiningum og stöðluðum skilgreiningum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og mat (ef það liggur fyrir) á því hvað mismunurinn, sem getið er hefur í för með sér

Fyrir fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram þær upplýsingar um tekjubætti sem lýst er í lið 3.2.1 í II. viðauka við þessa reglugerð (að undanskildum „vergum mánaðartekjum starfsfólks“).

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal greina frá breytingum á skilgreiningum tekjubátta frá því sem var í fyrstu bylgjunni.

3.2.2. *Heimild eða aðferð sem notuð er við söfnun tekjubreytna*

Fyrir fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina heimild eða verklagsreglur sem notaðar eru við söfnun tekjubreytna.

Greina skal frá breytingum á uppruna eða aðferðum sem notaðar eru við söfnun tekjubreytna fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur.

3.2.3. *Form tekjubreytna þegar þeim var safnað á þáttastigi*

Tilgreina skal form tekjubreytna á þáttastigi sem safnað hefur verið fyrir fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör (t.d. vergar, án staðgreiðslu tekjuskatta og félagslegra framlaga, án staðgreiðslu tekjuskatta og án félagslegra framlaga).

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal greina frá breytingum á formi tekjubreytna á þáttastigi sem hefur verið safnað.

3.2.4. *Aðferðin sem notuð er til að afla tekjumarkbreytna á því formi sem krafist er (þ.e. sem vergum gildum)*

Fyrir fyrstu bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina aðferðina sem notuð er til að afla marktekjubreytna á því formi sem krafist er (þ.e. verg gildi).

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal frá breytingum á heimildinni eða aðferðinni sem er notuð við söfnun tekjubreytna.

3.3. **Reglur um eftirfylgni**

Fyrir langsniðspátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina mismun á innlendum reglum um eftirfylgni og stöðluðum reglum um eftirfylgni í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

4. SAMRÆMI

4.1. **Samanburður á utanaðkomandi heimildum um marktekjubreytur og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjubætti“**

Fyrir hverja bylgju langsniðspáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram samanburð á utanaðkomandi heimildum um marktekjubreytur og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjubætti“ ef hlutaðeigandi aðildarríki telja slík ytri gögn nógu áreiðanleg.

## IV. VIÐAUKI

**Efni samanburðarskýrsla, bæði gæðaskýrsla til bráðabirgða og fullunninna gæðaskýrsla, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal gera**

## ÁFANGAGÆÐASKÝRSLA TIL SAMANBURÐAR

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, á grundvelli áfangagæðaskýrslanna sem aðildarríkin leggja fram, semja áfangagæðaskýrslu til samanburðar þar sem er að finna eftirfarandi gæðaviðmiðanir:

1. Nákvæmni
  - 1.1. Úrtakssnið
  - 1.2. Úrtaksskekkjur
    - 1.2.1. Áætlað gildi, frávikstuðull, 95% öryggismörk og stærð raunúrtaks sameiginlegra þversniðsvísa Evrópusambandsins, sem byggjast á grundvelli þversniðspáttar hagskýrsla Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á)
  - 1.3. Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur
  - 1.4. Gagnasöfnunaraðferð
  - 1.5. Lengd viðtala
2. Samanburðarhæfi
  - 2.1. Grunnhugtök og skilgreiningar
  - 2.2. Tekjuþættir
3. Samaræmi

## FULLUNNIN GÆÐASKÝRSLA TIL SAMANBURÐAR

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, á grundvelli lokagæðaskýrslanna sem aðildarríkin gera, leggja fram lokagæðaskýrslu með eftirfarandi gæðaviðmiðunum:

1. Mikilvægi
  - lýsing og flokkun notenda
  - lýsing á mismunandi þörfum notenda (eftir flokki notenda)
2. Nákvæmni
  - 2.1. Úrtakssnið
  - 2.2. Úrtaksskekkjur

Fyrir hverja bylgju þversniðspáttar hagskýrsla Evrópusambandsins og hverja bylgju langsníðspáttar hagskýrsla Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

    - meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikning), frávikstuðull og 95% öryggismörk fyrir tekjuþætti
    - meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikning), frávikstuðull og 95% öryggismörk fyrir ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, sundurliðaðar eftir kyni, aldursflokkum og heimilisstærð
  - 2.3. Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur
  - 2.4. Gagnasöfnunaraðferð
  - 2.5. Aðferð við tilreikning
  - 2.6. Húsaleiguígildi
  - 2.7. Bifreiðar fyrirtækis

3. Tímanleiki og rétt tímasetning
    - meðaltímanleiki gagna
    - gagnatíðni og hve nýleg gögnin eru að meðaltali
    - hlutfall gagna sem er birt of seint miðað við áætlaðar dreifingardagsetningar sem mælt er fyrir um í rammareglugerð hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör
    - meðalseinkun gagna sem ekki eru afhent tímanlega (í fjölda vikna)
    - ástæður þess að þau eru afhent seint
  4. Aðgengi og skýrleiki
    - lýsing á skilyrðum fyrir aðgangi að gögnum (miðlar, stuðningur, markaðssetningaraðstæður, takmarkanir, upplýsingaleynd o.s.frv.)
    - lýsing á skilyrðum fyrir birtingu gagna
  5. Samanburðarhæfi
    - 5.1. Grunnhugtök og skilgreiningar
    - 5.2. Tekjuþættir
    - 5.3. Reglur um eftirfylgni
  6. Samræmi
-